

BORGARRÁÐ 22.6.'17: Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um að skipaður verði starfshópur sem geri úttekt á stöðu húsnæðisaðbúnaðar hjá börnum - R17060171

Framsókn og flugvallarvinir gera tillögu um að borgarstjóri skipi starfshóp sem hafi það verkefni að gera úttekt á stöðu húsnæðisaðbúnaðar hjá börnum. Úttektin skal ná yfir tímabilið 1. júní 2014 upphaf kjörtímabilsins til 1. júní 2017 og gera stöðusamantekt miðaða við 1. júní, 2014, 2015, 2016 og 2017. Hópurinn skal skila niðurstöðum sínum og tillögum að leiðum til úrbóta eigi síðar en 1. október 2017.



Reykjavík 17. júlí 2017

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Tilvísun í mál: R17060171

Umsögn velferðarsviðs vegna tillögu um að skipaður verði starfshópur sem geri úttekt á stöðu húsnæðis hjá barnafjölskyldum.

Borgarráð óskaði eftir umsögn velferðarsviðs vegna tillögu borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina sem lögð var fram þann 22. júní 2017 um að skipaður verði starfshópur sem geri úttekt á stöðu húsnæðisaðbúnaðar hjá börnum. Í tillögunni segir jafnframt: „Úttektin skal ná yfir tímabilið 1. júní 2014 upphaf kjörtímabilsins til 1. júní 2017 og gera stöðusamantekt miðaða við 1. júní, 2014, 2015, 2016 og 2017. Hópurinn skal skila niðurstöðum sínum og tillögum að leiðum til úrbóta eigi síðar en 1. október 2017.“

Tölfræðileg gögn velferðarsviðs¹ fela í sér upplýsingar m.a um fjölda foreldra á bið eftir félagslegu húsnæði og fjölda barna, fjölskyldugerð, biðtíma eftir úthlutun og húsnæðisstöðu þegar sótt er um.

Þann 1. júlí 2017 voru alls 1.022 umsækjendur á bið eftir félagslegu húsnæði. Flestir eru einhleypir án barna eða um 76 % umsækjenda. Á biðlistanum eru 218 einstæðir foreldrar og 33 hjón eða sambýlisfólk. Það eru um 24% af heildarbiðlistanum. Fjöldi barna sem eiga foreldra á biðlista eftir húsnæði eru 372 talsins. Af þeim 251 barnafjölskyldum sem eru á biðlistanum eru 118 metnar í mikilli þörf.

Velferðarsvið telur mikilvægt að greina vel aðstæður þeirra barnafjölskyldna sem eru á biðlista eftir félagslegu húsnæði og vinna að tillögum til úrbóta í samstarfi við Félagsbústaði og helstu hagsmunaaðila í samræmi við fyrirliggjandi húsnæðisáætlanir Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst,


Regína Ásvaldsdóttir

¹ Viðauki

Viðauki

Fjöldi umsækjenda á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði 1. júlí 2014, 2015, 2016 og 2017

Fjölskyldustaða	2014	2015	2016	2017
Einstæðir foreldrar	189	167	179	218
Hjón/sambýlisfólk með börn	34	22	25	33
<i>Samtals barnafjölskyldur á biðlista</i>	223	189	204	251
<i>Heildarfjöldi á biðlista eftir félagslegu húsnæði</i>	842	748	847	1053
<i>Hlutfall barnafjölskyldna á biðlista</i>	26%	25%	24%	24%

Fjöldi umsækjenda í mikilli þörf, á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði 1. júlí 2014, 2015, 2016 og 2017

Fjölskyldustaða	2014	2015	2016	2017
Einstæðir foreldrar	67	74	91	103
Hjón/sambýlisfólk með börn	9	12	12	15
<i>Samtals barnafjölskyldur á biðlista í mikilli þörf</i>	76	86	103	118
<i>Heildarfjöldi á biðlista eftir félagslegu húsnæði í mikilli þörf</i>	546	532	646	757
<i>Hlutfall barnafjölskyldna á biðlista í mikilli þörf</i>	14%	16%	16%	16%

Fjöldi barna umsækjenda á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði 1. júlí 2014, 2015, 2016 og 2017

	2014	2015	2016	2017
Fjöldi barna umsækjenda yngri en 18 ára	316	262	298	372